# Umhverfisvöktun fyrirtækja á Vesturlandi erindi flutt á aðalfundi SSV 30.09.2011

Helgi Helgason

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands

# Sagan í grófum dráttum

- Vatnalög nr. 15/1923
- Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit 1969 og 1981.
- Stofnun umhverfisráðuneytis 1990
- Mengunarvarnareglugerð 1994
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir 1998
- Reglugerðir á mengunarvarnasviði 1999

# Vatnalög nr. 15/1923

- II. kafli. Almenn ákvæði um vatnsréttindi
- III. kafli. Um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar
- IV. kafli. Um áveitur
- V. kafli. Um notkun vatnsorku
- VI. kafli. Um vatnsmiðlun
- VII. kafli. Um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna
- VIII. kafli. Um þurrkun lands
- IX. kafli. Um óhreinkun vatna
- XI. kafli. Um vatnafélög
- XII. kafli. Um almenna umferð um vötn
- XIV. kafli. Almenn ákvæði um vatnsvirki.
- XV. kafli. Um skaðabætur - XVI. kafli. Um meðferð vatnamála - XVII. kafli. Um stjórn vatnamála - XVIII. kafli. Ákvæði um refsingar.

# Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit 1969 og 1981

- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fer með yfirstjórn
- Heilbrigðiseftirlit ríkisins fer með umsjón með heilbrigðiseftirliti í landinu.
- Skylda að kjósa heilbrigðisnefndir í hverju sveitarfélagi
- Með lögunum nr. 50/1981 skulu starfa 47 heilbrigðisnefndir í landinu á 13 svæðum.
- Hollustuvernd ríkisins tekur til starfa. Heilbrigðiseftirlit ríkisins lagt niður.

# Starfssvið heilbrigðisnefndar 1981

- Bæta heilbrigðisvernd í héraði
- Vinna að bættum mengunarvörnum í héraði
- Bæta fræðslu um hollustuháttamál.
- Eiga samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að málum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, beint og óbeint.

# Mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994

- Fyrsta heilstæða reglugerðin um mengunarvarnir í kjölfar inngöngu Íslands í EES 1994.
- ,,Reglugerðin nær til allrar mengunar ytra umhverfis svo og til starfsemi og framkvæmda sem haft geta í för með sér slíka mengun. Undanþegin er þó starfsemi og framkvæmd sem fellur undir lög nr. 117/1985 um geislavamir, sbr. reglugerð nr. 356/1985 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun, og lög nr. 4b/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum."

# Helstu atriði mengunarvarnareglugerðar 48/1994 (1)

- Viðmið um fráveitumál og tímasetningar vegna endurbóta.
- Ákvæði um loftmengun og fráveitur. Vöktunarákvæði.
- Ákvæði um meðhöndlun úrgangs.
- Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem gæti mengað.
- Meðferð og eyðing spilliefna.

# Helstu atriði mengunarvarnareglugerðar 48/1994 (2)

- Ákvæði um að fyrirtæki þurfi að gera forkönnun vegna starfseminnar („mat á umhverfisáhrifum”)
- Viðaukar sem sýna starfsemi sem þarf starfsleyfi.
- Skýr ákvæði um hver fari með eftirlit, Hollustuvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) eða heilbrigðisnefnd.
- Ákvæði um gögn sem þurfi að fylgja umsókn.
- Ákvæði um auglýsingu starfsleyfa og rétt manna félagasamtaka og stofnana til að gera athugasemdir.

# Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998

- Lögin fjalla um framkvæmd hollustuverndar og mengunarvarnaeftirlit en ekki eiturefni eða matvælaeftirlit.
- Starfsemi talin upp í lögunum og vísað til heimildar ráðherra til að setja reglugerðir um ýmsa þætti laganna.

# Dæmi um reglugerðir settar skv. lögum nr. 7/1998 (hollustuháttareglugerð nr. 941/2002)

- útgáfu og efni starfsleyfa fyrir atvinnurekstur
- umgengni og þrifnað utan húss
- meindýravarnir og eyðingu meindýra
- hreinsun hunda, m.a. vegna sullaveiki, katta og annarra gæludýra
- þátttöku heilbrigðisnefnda í öryggismálum og sóttvörnum og framkvæmd þeirra
- íbúðarhúsnæði
- starfsmannabústaði og starfsmannabúðir
- skóla og aðra kennslustaði
- leikskóla, leikvelli, daggæslu í heimahúsum og önnur heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga
- heilbrigðisstofnanir, dvalarheimili og meðferðar- og vistunarstofnanir og stofnanir fyrir fatlaða,

# Dæmi um reglugerðir settar skv. lögum nr. 7/1998 (mengunarvarnasvið)

- starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun
- umhverfisstjórn, vöktun og eftirlitskerfi fyrirtækja, svo og viðurkenningu, úttekt og eftirlit með slíkum kerfum
- úttekt á hugsanlegri mengunarhættu
- meðferð vatns og sjávar í atvinnurekstri þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk vegna losunar tiltekinna efna
- fráveitur og skólp þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skólps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka
- varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn
- varnir gegn loftmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir loftgæði, mengandi efni og losun þeirra út í andrúmsloftið
- varnir gegn jarðvegsmengun og viðmiðunarmörk fyrir jarðveg og mengandi efni

# Hverjum er falið eftirlitið

- Umhverfisstofnun (UST) fer með eftirlit skv. lögum nr. 7/1998 með eftirfarandi starfsemi:
  - Fiskimjölsverksmiðjum, Álframleiðslu, Áburðarframleiðslu-Sements- og kalkframleiðslu, Kísiljárnsframleiðslu, Kísilmálmsframleiðslu, Kísil- og kísilgúrframleiðslu, Járn- og stálframleiðslu, Glerullar- og steinullarframleiðslu, Sútunarverksmiðjum, Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er meiri en 20 tonn og fráveita í ferskvatn, Meðferð úrgangs; ***móttökustöðvar sveitarfélaga-Flokkunarmiðstöðvar (****breytt 2011), urðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar, Meðhöndlun og förgun spilliefna, Lím- og málningarvöruframleiðslu, Olíumalar- og malbikunarstöðvum með fasta staðsetningu, Kítín- og kítosanframleiðslu, Framleiðslu á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum, Framleiðslu á peroxíðum, Sinkframleiðslu, Olíuhreinsistöðvum, Pappírs- og trjákvoðuframleiðslu, Framleiðslu á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði, Vinnslu alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota, Olíubirgðastöðvum, Rannsóknum og vinnslu kolvetnis, Öðrum sambærilegum rekstur.
- UST og heilbrigðisnefndum er heimilt að framselja tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum.
- Þvingunarúrræði fylgja ekki slíku framsali.

# Hverjum er falið eftirlitið

- Umhverfisstofnun (UST) fer með eftirlit skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með **móttökustöðvum úrgangs** (breytt 2011), sorpurðun og sorpbrennslu.
- Heimilt er stofnuninni að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun er einnig heimilt að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum.

# Hverjum er falið eftirlitið (1)

- **Markmið laga nr. 7/1998 er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.**
- Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit skv. lögum nr. 7/1998 með eftirfarandi starfsemi á umhverfissviði:
- umgengni og þrifnað utan húss
- úrgangsefni (gáma og móttökustöðvar)
- fráveitur og skolp þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka
- varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn
- varnir gegn loftmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir loftgæði, mengandi efni og losun þeirra út í andrúmsloftið
- varnir gegn jarðvegsmengun og viðmiðunarmörk fyrir jarðveg og mengandi efni

# Hverjum er falið eftirlitið (2)

- hávaða og titring þar sem fram koma viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi, varmamengun þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun hennar.
- Vatnsverndarsvæði
- Flokkun vatna

# Framsal eftirlits

- Hvar fer eftirlitið fram?
- Hver sér um eftirlitið skv. lögum og reglum?
- Hver ætti að sjá um eftirlitið?
- Er möguleiki að fleiri aðilar fari með eftirlitið?
- Staðan í dag?

# TAKK FYRIR